

SÓTTVARNALÖG

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda almannaeið, þ.e. samfélagið og líf og heilsu einstaklinga, gegn smitsjúkdómum og annarri vá sem lögin taka til, með því m.a. að fyrirbyggja sjúkdóm, útrýma honum eða bæla niður, takmarka útbreiðslu sjúkdóms innan lands og fyrirbyggja að sjúkdómur berist til landsins eða frá landinu.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi fjalla um varnir gegn smitsjúkdómum, alvarlegum sjúkdómum, samfélagslega hættulegum sjúkdómum og sjúkdómsvöldum. Lögin taka einnig til óvenjulegra og óvæntra atburða sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar innan lands eða meðal þjóða heims.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða og hugtaka sem hér segir:

- Afkvíun*: Takmarkanir á för milli byggðarlaga, landshluta eða til eða frá landinu. Afkvíun tekur almennt til svæða eða er beint að stórum hópi fólks.
- Alvarlegur sjúkdómur*: Smitsjúkdómur sem getur valdið einstaklingum alvarlegum eða varanlegum skaða eða valdið aukinni dánartíðni innan samfélags.
- Einangrun*: Aðskilnaður einstaklinga sem eru smitaðir frá öðrum eða öðru á einhvern þann hátt sem kemur í veg fyrir útbreiðslu sýkingar eða mengunar; getur einnig tekið til farangurs, gáma, farartækja, vara eða pósthöggla sem eru sýktir eða mengaðir eða bera með sér sýkingar- eða mengunaruppsprettur og skapa því hættu fyrir lýðheilsu.
- Farsótt*: Tilkynningarskyldur smitsjúkdómur sem breiðist hratt út, leggst á tiltölulega marga einstaklinga og ógnað getur almannaeið.
- Ferðamaður*: Einstaklingur á ferð milli landa.
- Heilbrigðisráðgjafi*: Mat á einstaklingi sem heilbrigðisstarfsmaður, eða annar aðili sem er til þess bær, gerir til þess að ákvarða heilbrigði viðkomandi og mat á því hvort hann skapi hugsanlega hættu fyrir heilbrigði annars fólks. Skoðunin getur einnig náð yfir at-

hugun heilbrigðisskjala sem og líkamsskoðun eftir því sem réttlæt看legt er miðað við aðstæður í hverju tilviki.

7. *Inngrip*: Göttun eða skurður í húð eða ísetning áhalds eða framandi efnis í líkamann eða rannsókn á líkamsholi. Með inngripi er ekki átt við læknisrannsókn á eyra, nefi og munni, hitamælingu með eyrna-, munn- eða hörundshitamæli eða hitamyndatöku, heilbrigðisskoðun, hlustun, ytri þreifingu, sjónuspeglun, töku þvag-, saur- eða munnvatns-sýnis utan frá, mælingu blóðþrýstings utan frá eða töku hjartalínurits.
8. *Ónæmisáðgerð*: Skipulögð áðgerð sem örvar ónæmiskerfi einstaklings til að koma í veg fyrir smitsjúkdóm og að smitsjúkdómur dreifist í samfélaginu eða til að halda smitsjúkdómi í skefjum, svo sem með bólusetningu eða gjöf mótefnis.
9. *Samfélagslega hættulegur sjúkdómur*: Alvarlegur sjúkdómur sem veldur eða getur valdið alvarlegri röskun á mikilvægum störfum og innviðum samfélagsins og/eða getur leitt til verulega aukins álags á heilbrigðiskerfið verði hann útbreiddur í samfélaginu.
10. *Samkomubann*: Ráðstöfun til að koma í veg fyrir eða hægja á útbreiðslu smits í samfélaginu sem getur falið í sér reglur um bann við samkomum eða takmarkanir á samkomum, t.d. um að ekki megi fleiri en tiltekinn fjöldi koma saman á sama stað eða í sama rými, að tryggja skuli tiltekna fjarlægð milli manna og/eða að loka skuli tiltekinni starfsemi þar sem sérstök smithætta er fyrir hendi.
11. *Skimun*: Kerfisbundin söfnun, samantekt og greining á gögnum í þágu lýðheilsu og tím-anleg miðlun lýðheilsuupplýsinga til að unnt sé að meta þær og bregðast við með áðgerðum á sviði lýðheilsu, eftir því sem þörf krefur, svo sem með sýnatöku, raðgreiningu erfðaefnis sýkingarvalda eða mótefnamælingu.
12. *Smitrakning*: Rakning smita milli einstaklinga með ítarlegu samtali við þá sem eru smitaðir til að komast að því hvar viðkomandi smitaðist og hverja hann gæti hafa smitað og önnur upplýsingaöflun í því skyni að finna þá sem kunna að hafa verið útsettir fyrir smiti.
13. *Smitsjúkdómur*: Sjúkdómur eða ástand sem orsakast af sjúkdómsvöldum, svo sem smit-efni, örveru eða sníkjudýri, og smitast frá, til eða milli einstaklinga.
14. *Sóthreinsun*: Heilbrigðisráðstafanir til að óvirkja eða drepa flestar örverur, hvort sem það er gert með efnafræðilegum eða eðlisfræðilegum aðferðum. Þær ráðstafanir geta átt við um húð, yfirborð flata eða í eða á farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum eða póstbögglum.
15. *Sóttkví*: Takmörkun á athafnafrelsi og/eða aðskilnaður einstaklinga sem eru ekki veikir frá öðrum til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu sýkingar og einnig aðskilnaður grun-samlegs farangurs, gáma, farartækja, vara o.fl. frá öðru vegna sýkingar eða mengunar.
16. *Sóttvarnahús*: Staður þar sem einstaklingur, sem ekki á samastað á Íslandi eða getur af öðrum sökum ekki eða vill ekki einangra sig í húsnæði á eigin vegum, getur verið í sótt-kví eða einangrun vegna gruns um að hann sé smitaður af farsótt eða ef staðfest er að svo sé.

4. gr.

Tilkynningarskyldir sjúkdómar.

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum sóttvarnalæknis, hvaða smitsjúk-dómar eða sjúkdómar af völdum eitrefna og geislavirkra efna falla undir lög þessi. Enn fremur skal í reglugerð ákveða hvaða sjúkdómar og sjúkdómsvaldar eru tilkynningarskyldir til sóttvarnalæknis. Einnig skal ráðherra ákveða með reglugerð að tilkynna skuli um sérhverja þá atburði sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar innan lands eða á meðal þjóða

heims, þ.m.t. atburði sem eru af óþekktri orsök eða uppruna. Með tilkynningarskyldu er átt við skyldu til að senda sóttvarnalækni persónugreindar upplýsingar um sjúkling og sjúkdóms-tilvik. Sóttvarnalæknir heldur skrá yfir tilkynningarskylda sjúkdóma, farsóttaskrá, sem nýtist til faraldsfræðilegra greininga og smitakningar, sbr. 11. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum sóttvarnalæknis, hvaða smitsjúkdómar teljast alvarlegir. Slíkir sjúkdómar eru tilkynningarskyldir til sóttvarnalæknis.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fenginni tillögu farsóttanefndar, hvaða smitsjúkdómar teljast samfélagslega hættulegir sjúkdómar. Slíkir sjúkdómar eru tilkynningarskyldir til sóttvarnalæknis. Endurskoða skal slíka ákvörðun á minnst sex mánaða fresti.

II. KAFLI

Stjórnsýsla sóttvarna.

5. gr.

Yfirstjórn sóttvarna.

Ráðherra skipar sóttvarnalækni til fimm ára í senn. Sóttvarnalæknir skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði og þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra.

Ráðuneyti er innlent yfirvald í samræmi við ákvæði alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.

Sóttvarnalæknir skal starfa innan embættis landlæknis og bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn ráðherra. Ráðherra setur sóttvarnalækni erindisbréf þar sem tilgreind eru helstu verkefni hans. Sóttvarnalæknir ræður starfsfólk á svið sóttvarnalæknis í samráði við landlækni.

Landinu skal skipt í sóttvarnaumdæmi sem afmörkuð eru eins og heilbrigðisumdæmi samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Ráðherra tilnefnir umdæmislækna sóttvarna úr hópi lækna þeirra heilsugæslustöðva sem ríkið rekur í hverju sóttvarnaumdæmi samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis. Umdæmislæknar sóttvarna skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir faglegri stjórn sóttvarnalæknis. Tilnefna má fleiri en einn lækni í hverju sóttvarnaumdæmi sem umdæmislækna sóttvarna.

6. gr.

Hlutverk sóttvarnalæknis.

Hlutverk sóttvarnalæknis er aðallega að:

1. Skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisadgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.
2. Halda farsóttaskrá til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma með öflun nákvæmra upplýsinga um greiningu þeirra frá rannsóknastofum, sjúkrahúsum og læknum.
3. Halda skrá um notkun fólks á sýklalyfjum sem valdið geta ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum, stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja og sinna aðgerðum gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis.
4. Koma upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma, innan lands sem utan, reglubundið og eftir þörfum, til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.
5. Vera læknum og öðrum sem fást við sóttvarnir til ráðgjafar.
6. Hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. upplýsingagjöf og fræðslu til almennings um þessi efni.
7. Vera tengiliður Íslands við samsvarandi tengilið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í samræmi við ákvæði alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.
8. Gera faraldsfræðilega rannsókn á uppruna smits, og eftir atvikum hefja smitakningu, þegar brotist hefur út hópsýking eða farsótt sem ógnað getur heilsu manna.

9. Gera tillögur til ráðherra um hvort gripið skuli til sóttvarnaráðstafana skv. IV. kafla.
10. Taka ákvörðun í tilefni af hættu á útbreiðslu smits frá tilteknum einstaklingi, svo sem um heilbrigðisskoðun, sóttkví, einangrun eða aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, og eftir atvikum fara með mál fyrir dóm, sbr. IV. kafla.
11. Opna sóttvarnahús á vegum stjórnvalda, eftir því sem þörf þykir, vegna farsóttá.
12. Hafa umsjón með öryggisbirgðahaldi, sbr. 38. gr.
13. Ákveða hvaða ónæmisaðgerðir skulu vera í boði hverju sinni.

Sóttvarnalækni er heimilt að fela tilteknum aðilum eða stofnunum að rekja smit, t.d. þegar farsótt geisar á landinu. Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á smitrakningu í þessum tilvikum.

Sóttvarnalækni er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar sérfræðinga vegna þeirra verkefna sem falla undir hlutverk hans samkvæmt lögum þessum.

Sóttvarnalækni er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmra persónuupplýsinga um heilsufar og lyfjanotkun einstaklinga, í þeim tilgangi að verjast alvarlegum heilsufarsógnum og til að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Sóttvarnalækni er enn fremur heimilt að miðla upplýsingum, þ.m.t. persónuupplýsingum, að því marki sem nauðsynlegt er vegna sóttvarna, til annarra stofnana.

7. gr.

Samstarfsnefnd um sóttvarnir.

Ráðherra skipar samstarfsnefnd um sóttvarnir til fjögurra ára í senn til að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smitættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna heilsu manna.

Samstarfsnefndinni er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmra persónuupplýsinga um heilsufar einstaklinga, til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum þessum að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Í nefndinni sitja sóttvarnalæknir, sem jafnframt er formaður, tveir fulltrúar tilnefndir af Matvælastofnun og skal annar vera sérfróður um matvælaöryggi en hinn um smitsjúkdóma í dýrum, einn frá Geislavörnum ríkisins og tveir frá Umhverfis- og orkustofnun og skal annar vera sérfróður um matvælaöryggi en hinn um eiturefni. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin hefur aðsetur hjá embætti landlæknis.

Nefndinni er heimill aðgangur að nauðsynlegum gögnum og öllum stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og getur fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Nefndin skal gefa öllum þeim sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrirmæli um að grípa án tafar til allra nauðsynlegra aðgerða til að uppræta hættu af völdum smits, eiturefna eða geislavirkra efna. Að öðru leyti skal framkvæmd vera í samræmi við lög þessi og, eftir því sem við á, sérlög um einstaka eftirlitsaðila.

8. gr.

Farsóttanefnd.

Ráðherra skipar sjö manna farsóttanefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni skulu sitja sóttvarnalæknir og landlæknir en auk þeirra skal skipa einn eftir tilnefningu ríkislögreglustjóra, sem skal hafa þekkingu á almannavörnum, einn eftir tilnefningu Landspítala, sem skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum, einn eftir tilnefningu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, einn eftir tilnefningu Sjúkrahússins á Akureyri og einn eftir tilnefningu opinberra heilbrigðisstofna.

ana á landsbyggðinni. Við skipan í farsóttanefnd skal leitast við að nefndin hafi fjölbreytta þekkingu á málefna sviðinu. Sóttvarnalæknir skal vera formaður nefndarinnar en nefndin velur varaformann úr hópi aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis.

Farsóttanefnd er heimilt að kveðja til tvo til fjóra menn til viðbótar til að sitja í nefndinni telji hún tilefni til. Skulu þeir hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum en ekki atkvæðisrétt.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um störf farsóttanefndar, þ.m.t. um heimild nefndarinnar til að bjóða fleiri aðilum að taka þátt í fundum nefndarinnar.

9. gr.

Hlutverk farsóttanefndar.

Farsóttanefnd skal skila ráðherra tillögum um opinberar sóttvarnaráðstafanir vegna samfélagslega hættulegra smitsjúkdóma skv. IV. kafla.

Farsóttanefnd skal vera öðrum sóttvarnaryfirvöldum til ráðgjafar og aðstoðar um viðbrögð við samfélagslega hættulegum sjúkdómum. Þegar farsóttanefnd fjallar um mál sem tengjast starfssviði Umhverfis- og orkustofnunar, Geislavarna ríkisins eða Matvælastofnunar skulu fulltrúar þeirra stofnana sitja fundi nefndarinnar, eftir því sem við á, með málfrelsi og tillögurétt.

Farsóttanefnd skal vera vettvangur fyrir samhæfingu aðgerða innan heilbrigðiskerfisins og almannavarnakerfisins gegn samfélagslega hættulegum sjúkdómum og skal funda reglulega ef samfélagslega hættulegur sjúkdómur er útbreiddur í samfélaginu.

Ef tilkynningur til sóttvarnalæknis um smitsjúkdóma benda til að alvarlegur sjúkdómur breiðist út skal hann þegar í stað gera ráðherra og farsóttanefnd viðvart. Ráðherra skal svo fljótt sem verða má óska eftir afstöðu farsóttanefndar um hvort skilgreina skuli alvarlegan sjúkdóm sem samfélagslega hættulegan. Farsóttanefnd er jafnframt heimilt að eigin frumkvæði að leggja til við ráðherra að skilgreina skuli sjúkdóm sem samfélagslega hættulegan.

Verði ágreiningur innan farsóttanefndar ræður afl atkvæða úrslitum. Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála ræður atkvæði formanns.

10. gr.

Samvinna stofnana.

Sóttvarnalæknir skal í starfi sínu hafa samvinnu við umdæmislækna sóttvarna, aðra starfsmenn og stofnanir heilbrigðisþjónustunnar, heilbrigðisnefndir, aðila innan velferðarþjónustu og Matvælastofnun eftir því sem við á. Sóttvarnalæknir skal jafnframt í starfi sínu hafa samvinnu við ríkislögreglustjóra vegna almannavarna. Þá skal sóttvarnalæknir hafa samvinnu við Landspítala vegna sóttvarnaráðstafana.

Umdæmislæknar sóttvarna og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögregluyfirvalda ef með þarf.

Heilbrigðisfulltrúar, samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, dýralæknar og starfsmenn Matvælastofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Geislavarna ríkisins skulu tilkynna viðkomandi umdæmislækni sóttvarna eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu eða hættu vegna eiturefna eða geislavirkra efna. Umdæmislæknir sóttvarna eða sóttvarnalæknir skal á sama hátt tilkynna viðkomandi heilbrigðisnefnd, dýralækni, Matvælastofnun, Umhverfis- og orkustofnun eða Geislavörnum ríkisins, eftir því sem við á, strax og honum verður kunnugt um smithættu eða hættu af völdum eiturefna eða geislavirkra efna. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa eftirlit með því að til viðeigandi ráðstafana sé gripið.

11. gr.

Farsóttaskrá o.fl.

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé farsóttaskrá. Skráin tekur til sjúkdóma, sjúkdómsvalda og atburða, sbr. 2. gr., ónæmisaðgerða, sýklalyfjanothkunar og skimana og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum. Gæta skal fyllsta trúnaðar og öryggis um allar persónuupplýsingar sem fram koma í farsóttaskrá og gilda um skrána lög um sjúkra-skrár.

Sóttvarnalæknir skal fá afhentar upplýsingar úr lyfjagagnagrunni landlæknis og frá heilbrigðisstofnunum til að halda skrá um sýklalyfjanothkun. Upplýsingarnar skulu vera ópersónu-greinanlegar.

Heilbrigðisstofnunum og öðrum þeim sem veita heilbrigðisþjónustu er skylt að verða við beiðni sóttvarnalæknis um afhendingu tölfraediupplýsinga um smitsjúkdóma sem meðhöndl-aðir hafa verið á heilbrigðisstofnun eða hjá öðrum þeim sem veita heilbrigðisþjónustu.

III. KAFLI

Almennar sóttvarnaráðstafanir.

12. gr.

Skilydur einstaklinga og lögaðila.

Einstaklingum er skylt að sýna sem mesta varúð vegna smitsjúkdóma og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfa sig né aðra, að svo miklu leyti sem hægt er. Lögaðilum er skylt að sýna sem mesta varúð vegna smitsjúkdóma í starfsemi sinni og leitast við að haga starfsem-inni þannig að smit breiðist ekki út.

Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi smitast af alvarlegum eða samfé-lagslega hættulegum sjúkdómi er skylt að leita til læknis án tafar. Leiði heilbrigðisskoðun í ljós að um slíkan sjúkdóm sé að ræða er viðkomandi skylt að fylgja fyrirmælum læknis um ráðstafanir til að fyrirbyggja smit. Gruni lækni að einstaklingur sé haldinn smitsjúkdómi, eða ef smitakning vekur upp slíkan grun, er viðkomandi einstaklingi skylt að fylgja fyrirmælum um ráðstafanir, þ.m.t. reglugerðum sem settar eru á grundvelli laga þessara, til að fyrirbyggja smit.

Ef heilbrigðisstarfsmaður telur mikilvægt að rekja smit til að hefta frekari útbreiðslu þess ber sjúklingi skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar um það af hverjum hann gæti hafa smitast svo og hverja hann kann að hafa smitað. Komi heilbrigðisstarfsmaður því ekki við ber honum að vísa sjúklingi til göngudeildar, stofnunar eða annars aðila sem hefur aðstöðu til að rekja smit og hefur til þess heimild sóttvarnalæknis. Viðkomandi er skylt að hlýða fyrir-mælum um nauðsynlegar ráðstafanir til varnar útbreiðslu smits frá sjúklingi.

13. gr.

Skilydur heilbrigðisstarfsmanna.

Heilbrigðisstarfsmenn skulu vera árvökulir í starfi sínu um hvort sjúklingur sé smitaður af smitsjúkdómi og enn fremur um útbreiðslu slíks sjúkdóms.

Heilbrigðisstarfsmaður skal þegar í stað tilkynna það sóttvarnalækni ef hann kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem samkvæmt lögum þessum er tilkynningarskyldur eða hefur grun um að svo sé. Hliðstæð skylda hvílir á forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana.

Viðeigandi aðilum er skylt að aðstoða sóttvarnalækni og umdæmislækni sóttvarna, m.a. með því að veita upplýsingar sem þeir telja nauðsynlegar vegna sóttvarna.

Forstöðumönnum heilbrigðisstofnana er skylt að senda sóttvarnalækni upplýsingar um magn sýklalyfja sem notað er á viðkomandi stofnun, skipt eftir deildum þar sem það á við.

Heilbrigðisstarfsmaður skal tilkynna það þegar í stað til viðkomandi umdæmislæknis sóttvarna eða sóttvarnalæknis ef hann hefur rökstuddan grun eða vitneskju um að sjúklingur, sem hann hefur til meðferðar og haldinn er smitsjúkdómi, fylgi ekki fyrirmælum sem honum hafa verið sett um umgengni.

Hafi ráðherra sett reglugerð um að smitsjúkdómur sé samfélagslega hættulegur sjúkdómur getur landlæknir stöðvað starfsemi heilbrigðisstofnunar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir álag annars staðar í heilbrigðiskerfinu eða til að nýta starfskrafta heilbrigðisstarfsmanna annars staðar í heilbrigðiskerfinu. Slíka ákvörðun skal leggja fyrir ráðherra til staðfestingar og birtingar.

14. gr.

Bann við heimsóknum á heilbrigðisstofnun.

Heilbrigðisstofnun er heimilt að takmarka tímabundið heimsóknir eða setja heimsóknarbann til að verjast smitsjúkdómum. Slíkt bann getur að hámarki gilt í tvær vikur í senn. Við mat á lengd slíks banns skal líta til þess hvort um sé að ræða alvarlegan eða samfélagslega hættulegan sjúkdóm.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður á um almennar tímabundnar takmarkanir á heimsóknum eða tímabundið bann við heimsóknum á heilbrigðisstofnanir í allt að fjórar vikur í senn, sbr. IV. kafla.

Við ákvörðun skv. 1. mgr. og við setningu reglugerðar skv. 2. mgr. skal sérstaklega horft til hagsmuna og réttinda þeirra sem dvelja til langs tíma á heilbrigðisstofnun, svo sem á hjúkrunarheimilum.

15. gr.

Rannsóknastofur.

Rannsóknastofur sem fást við rannsóknir á sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma sem lög þessi taka til skulu hafa starfsleyfi sóttvarnalæknis.

Sóttvarnalæknir getur falið tilteknum rannsóknastofum að ábyrgjast greiningu örvera eða sníkjudýra úr sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma og fylgjast með ónæmisástandi einstaklinga gegn smitsjúkdómum.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð skilyrði fyrir leyfi til reksturs rannsóknastofa samkvæmt ákvæði þessu, svo sem um feril leyfisveitingar, faggildingu, gæðakröfur og gæðaeftirlit, sem og um tilvísunarrannsóknastofur og ábyrgð þeirra og skyldur.

IV. KAFLI

Opinberar sóttvarnaráðstafanir.

A. Almenn ákvæði.

16. gr.

Jafnræði og meðalhóf.

Við beitingu ráðstafana samkvæmt þessum kafla, sem og við afléttingu þeirra, skal gæta meðalhófs og jafnræðis og taka tillit til annarra verndarhagsmuna, svo sem félagslegra og efnahagslegra hagsmuna og hagsmuna barna, og hagsmuna sem njóta verndar stjórnarskrár og mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að. Ráðstöfunum skv. 28. og 30. gr. skal ekki beita nema brýn nauðsyn krefji til verndar lífi og heilsu fólks og skal aflétta svo fljótt sem verða má. Ekki skal stöðva atvinnurekstur nema að því marki sem starfsemin felur í sér hættu

á útbreiðslu farsóttar, svo sem vegna fjölda fólks sem þar kemur saman eða návígis þess eða snertingar.

Ef ráðherra tekur ákvörðun um beitingu ráðstafana sem heimilaðar eru samkvæmt þessum kafla skal ráðherra bera málið upp í ríkisstjórn, eins tímanlega og mögulegt er.

17. gr.

Upplýsingaskylda.

Sóttvarnalæknir getur krafðið heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir um upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg, m.a. úr sjúkraskrá þess sem er smitaður eða grunur leikur á að sé smitandi, svo og frá lögreglu og öðrum aðilum vegna meðferðar stjórnsýslumála.

18. gr.

Upplýsingaskylda stjórnvalda.

Sóttvarnayfirvöld skulu, þegar settar eru reglur skv. 28. og 30. gr., standa fyrir eða stuðla að eins greinargóðri upplýsingagjöf til almennings og unnt er, svo sem um þá vá sem stöðjar að, viðkomandi sjúkdóm og þær sóttvarnaaðgerðir sem ráðist hefur verið í.

Þegar ráðherra hefur tekið ákvörðun um setningu reglna skv. 28. og 30. gr. og þegar þær eru hertar skal hann, eftir atvikum í samráði við farsóttanefnd, kynna velferðarnefnd Alþingis án tafar ákvörðun sína, forsendur hennar og röksemdir. Velferðarnefnd getur enn fremur óskað eftir kynningu ráðherra þótt reglum hafi ekki verið breytt, svo sem um röksemdir fyrir því að halda aðgerðum óbreyttum eða létta á þeim.

Ráðherra skal, eftir atvikum í samráði við aðra ráðherra, upplýsa Alþingi um sóttvarnaaðgerðir með mánaðarlegri skýrslugjöf enda hafi aðgerð varað lengur en í átta vikur.

19. gr.

Rannsókn á uppruna smits.

Brjótist út hópsýking eða farsótt sem ógnar heilsu fólks skal sóttvarnalæknir rannsaka faraldsfræðilegan uppruna smits og eftir atvikum hefja smitrakningu. Sóttvarnalæknir hefur í slíkum tilvikum sama rétt til aðgangs að gögnum og til skoðunar og kveðið er á um í 4. mgr. 7. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda sem kveðið er á um í öðrum lögum, þ.m.t. almennar og sérstakar þagnarskyldureglur, skal ekki hindra afhendingu upplýsinga til sóttvarnalæknis.

20. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga vegna opinberra sóttvarnaráðstafana.

Sóttvarnalæknir telst ábyrgðaraðili við vinnslu persónuupplýsinga vegna þeirra ráðstafana sem grípa má til samkvæmt þessum kafla, þ.m.t. skimana, sóttkvíar, einangrunar, faraldsfræðilegrar rannsóknar á uppruna smits og smitrakningar. Við vinnslu persónuupplýsinga skal sóttvarnalæknir gæta að reglum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal meginreglum þeirra um lágmörkun gagna, áreiðanleika þeirra og varðveislutíma.

Sóttvarnalækni er heimilt að halda skrá yfir þá sem sæta sóttkví. Um þá sem sæta einangrun fer eftir reglum um farsóttaskrá. Sóttvarnalækni er jafnframt heimilt að miðla upplýsingum um einstaklinga í sóttkví og einangrun til aðila sem starfa sinna vegna þurfa á slíkum upplýsingum að halda, t.d. aðila sem annast sjúkraflutninga, lögreglu, slökkviliðs og þeirra sem sinna heimahjúkrun eða annarri aðhlyningu á heimilum fólks.

Sóttvarnalæknir skal tryggja að miðlun persónuupplýsinga vegna skimunar, faraldsfræðilegrar rannsóknar á uppruna smits eða smitrakningar fari fram á öruggan hátt, t.d. með dulköðun gagna, notkun gerviauðkenna, aðgangsstýringum og aðgerðaskráningu.

Persónuupplýsingar sem sérstaklega er aflað vegna smitrakningar, t.d. frá aðilum sem á hvílir þagnar- og trúnaðarskylda samkvæmt öðrum lögum eða vegna notkunar smitaðs einstaklings á hugbúnaði eða öðrum búnaði sem geymir t.d. upplýsingar um staðsetningu hans, skulu undanþegnar varðveislu- og skilaskyldu samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn. Slík- um gögnum skal eytt þegar þeirra er ekki lengur þörf vegna smitrakningar. Þau er óheimilt að nota í öðrum tilgangi en þeirra var aflað.

B. Aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum.

21. gr.

Aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits.

Þegar sóttvarnalækni berst tilkynning um að einstaklingur sé haldinn smitsjúkdómi tekur hann afstöðu til þess hvort grípa þurfi til frekari aðgerða en heilbrigðisstarfsmaður hefur þegar gert til þess að fyrirbyggja eða hefta útbreiðslu smits á alvarlegum sjúkdómi sem ógnað getur almannaheill.

Þegar sóttvarnalækni berast upplýsingar úr smitrakningu eða eftir öðrum leiðum um að grunur leiki á að tiltekinn einstaklingur sé haldinn smitsjúkdómi skal sóttvarnalæknir taka ákvörðun um viðeigandi aðgerðir.

Með aðgerðum skv. 1. og 2. mgr. er m.a. átt við heilbrigðisskoðun, sóttkví, einangrun eða aðrar viðeigandi ráðstafanir sem miða að því að fyrirbyggja eða hefta að smitaður einstaklingur eða einstaklingur sem grunur leikur á að sé haldinn smitsjúkdómi smiti aðra.

22. gr.

Ákvörðun um frelsissviptingu.

Áður en tekin er stjórnvaldsákvörðun um aðgerðir skv. 21. gr. skal þess freistað að ná samstarfi við hlutaðeigandi um viðeigandi og hóflegar aðgerðir þar sem fylgt skal tilteknum fyrirmælum og reglum. Takist það ekki tekur sóttvarnalæknir stjórnvaldsákvörðun í máli hlutaðeigandi að undangenginni málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga. Í ákvörðun sem felur í sér sviptingu frelsis, svo sem einangrun eða sóttkví, skal koma skýrt fram hvaða dag og klukkan hvað hún fellur niður. Hafi einstaklingur fallist á samstarf um að fylgja reglum um einangrun eða sóttkví en í ljós kemur að hann hefur ekki fylgt þeim getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli settur í sóttkví eða einangrun á sjúkrahúsi eða í sóttvarnahúsi eða gripið til annarra viðeigandi aðgerða.

Sóttvarnalæknir getur tekið stjórnvaldsákvörðun munnlega ef hann telur að hvers konar töf á afgreiðslu málsins sé hættuleg. Veita skal málsaðila skriflega og rökstudda staðfestingu á ákvörðuninni svo fljótt sem verða má.

Sóttvarnalæknir getur leitað aðstoðar lögreglu við að framfylgja ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þessu ákvæði, eftir atvikum með líkamlegri valdbeitingu, beri nauðsyn til.

Sóttvarnaryfirvöld og lögregla skulu sýna þeim sem þau hafa afskipti af á grundvelli laga þessara virðingu og kurteisi og skulu draga eftir föngum úr óþægindum og vanlíðan sem fylgt getur ráðstöfunum sem beita þarf. Slíkar ráðstafanir skulu aldrei standa lengur en þörf krefur.

Umdæmislæknar sóttvarna hafa einnig valdheimildir til að taka ákvarðanir samkvæmt þessu ákvæði undir faglegri stjórn og eftirliti sóttvarnalæknis.

Stjórnvaldsákvörðun um aðgerðir samkvæmt þessu ákvæði er kæránleg til ráðherra feli hún ekki í sér sviptingu frelsis. Kæra frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

Aðgerðir sem mælt er fyrir um í stjórnvaldsákvörðun samkvæmt lögum þessum og hafa í för með sér sviptingu frelsis í skilningi 1. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar skulu bornar undir

héraðsdóm ef viðkomandi neitar að hlíta ákvörðuninni. Slíkar aðgerðir mega aldrei vara lengur en 15 sólarhringa í senn.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um fyrirkomulag samkvæmt þessu ákvæði í reglugerð.

23. gr.

Málsmeðferð frelsissviptingar.

Ef tekin er stjórnvaldsákvörðun sem sviptir einstakling frelsi sínu, svo sem þegar viðkomandi er settur í einangrun eða sóttkví, skal gera honum tafarlaust grein fyrir ástæðum þess og veita honum leiðbeiningar um rétt hans til að bera ákvörðunina undir dóm. Ef viðkomandi neitar að hlíta ákvörðuninni skal bera ákvörðunina undir dóm.

Sóttvarnalæknir skal svo fljótt sem verða má setja fram skriflega kröfu um staðfestingu á gildi ákvörðunarinnar sem afhent skal dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur nema málsaðili óski þess að slíkt mál verði rekið í þeirri þinghá þar sem viðkomandi á lögheimili eða fastan dvalarstað þegar ákvörðun er tekin. Aðilum er þó heimilt að semja um meðferð máls í hverri þinghá sem er.

Í dómsmáli skv. 2. mgr. skal sóttvarnalæknir talinn sóknaraðili málsins og sá sem stjórnvaldsákvörðunin beinist gegn varnaraðili þess.

Málsmeðferð fyrir dómi frestar ekki framkvæmd stjórnvaldsákvörðunar.

Í skriflegri kröfu sóknaraðila skal að jafnaði koma fram nafn, kennitala og heimilisfang hans og varnaraðila og hvar sá síðarnefndi dvelst meðan á meðferð málsins stendur og eftir atvikum símanúmer hans. Þar skal vera ítarleg lýsing á málavöxtum og rökstuðningur fyrir nauðsyn þess að gripið sé til umræddra úrræða með stjórnvaldsákvörðuninni. Þá skal geta þeirrar lagaheimildar sem ákvörðunin byggist á. Loks skulu talin upp önnur gögn sem lögð eru fram, svo sem afrit af stjórnvaldsákvörðuninni.

Sóttvarnalækni er heimilt í kröfugerð sinni að víkja frá ákvörðun sinni og gera kröfu um breyttan vistunarstað varnaraðila. Sé þess krafist getur dómari einnig sett það skilyrði að varnaraðili hafi á sér búnað til að unnt sé að fylgjast með ferðum hans. Þá má að kröfu sóknaraðila skylda varnaraðila til að afhenda vegabréf sitt meðan á frelsissviptingu stendur ef hætta þykir á að hann muni reyna að yfirgefa landið.

Dómari skal taka málið fyrir án tafar og hraða meðferð þess svo sem kostur er.

Dómari skal kynna varnaraðila kröfu sóknaraðila og gefa honum kost á að tjá sig um hana nema ástandi hans sé svo hátt að það sé ekki mögulegt. Ef ekki er unnt að kveðja varnaraðila fyrir dóm skal veita honum færi á að tjá sig um fram komna kröfu í símtali eða með annarri fjarskiptatækni sé þess nokkur kostur.

Dómari skal skipa varnaraðila talsmann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð sakamála um verjendur og gefa honum kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður.

24. gr.

Málsmeðferð hjá dómstólum.

Dómari skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en hann kveður upp úrskurð í því. Dómari skal sjálfur afla þeirra sönnunargagna sem hann telur þörf á. Skylt er öllum sem vegna starfa sinna geta veitt upplýsingar um varnaraðila, sem dómari telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins, að veita dómaranum þær og láta honum í té þau gögn um varnaraðila sem hann krefst. Sama á við um aðra sem vegna tengsla sinna við varnaraðila geta veitt nauðsynlegar upplýsingar. Þó geta þeir skorast undan því að gefa vitnaskýrslu sem taldir eru upp í 52. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Dómari kveður sóknaraðila, talsmann varnaraðila og vitni fyrir dóm ef þess er þörf.

Dómari skal eftir að rannsókn máls er lokið gefa aðilum kost á að flytja málið munnlega áður en það er tekið til úrskurðar.

Að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg mælt fyrir um í lögum þessum fer um meðferð slíkra mála eftir lögum um meðferð einkamála.

Dómari kveður upp úrskurð um það hvort stjórnvaldsákvörðun sóknaraðila skuli staðfest eða felld úr gildi að hluta eða öllu leyti. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal varnaraðili þegar látinn laus. Þegar efni standa til að ákvörðun sóknaraðila skuli staðfest skal í úrskurðarorði taka fram hvaða dag og klukkan hvað frelsissvipting skal niður falla en hún má ekki vara lengur en 15 sólarhringa í senn. Ef sóknaraðili telur nauðsynlegt að hún vari lengur skal hann að nýju taka stjórnvaldsákvörðun og bera kröfu undir héraðsdóm hlíti viðkomandi ekki ákvörðuninni, sbr. 1. mgr. 23. gr.

Ef sóttvarnalæknir telur ekki þörf á að varnaraðili sæti lengur einangrun, sóttkví eða annarri frelsissviptingu sem staðfest hefur verið í úrskurði að varnaraðili skuli sæta, þótt 15 sólarhringar séu ekki liðnir, skal varnaraðili þegar látinn laus.

Þóknun skipaðs talsmanns varnaraðila og annan málskostnað, þ.m.t. kostnað við öflun læknisvottorða og annarra sérfræðiskýrslna, skal greiða úr ríkissjóði. Engin dómsmálagjöld skal greiða vegna dómsmála samkvæmt lögum þessum.

25. gr.

Kæra til Landsréttar.

Talsmaður varnaraðila skal kynna honum niðurstöðu úrskurðar dómara svo fljótt sem við verður komið. Þetta er þó ekki nauðsynlegt ef það er bersýnilega þýðingarlaust vegna ástands varnaraðila.

Úrskurði skv. 5. mgr. 24. gr. má skjóta til Landsréttar með kæru og fer um hana eftir ákvæðum XXX. kafla laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar héraðsdóms.

Um kæru á úrskurði Landsréttar gilda ákvæði XXXII. kafla laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

26. gr.

Bætur vegna ólögmætrar frelsissviptingar.

Dæma skal bætur úr ríkissjóði hafi einstaklingur verið sviptur frelsi með ákvörðun sóknaraðila ef lögmælt skilyrði hefur brostið til slíkrar ákvörðunar, frelsissvipting hefur staðið lengur en efni stóðu til eða staðið hefur verið að henni á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Bæta skal fjártjón og miska ef því er að skipta. Að öðru leyti gilda almennar reglur skaðabótaréttar.

C. Opinberar sóttvarnaráðstafanir innan lands.

27. gr.

Sóttvarnaráðstafanir vegna alvarlegs sjúkdóms.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis, þar sem kveðið er á um opinberar sóttvarnaráðstafanir þegar um er að ræða alvarlegan sjúkdóm, svo sem sóttkví, heilbrigðisskoðun, skimanir, einangrun smitaðra og sóttthreinsun.

28. gr.

Sóttvarnaráðstafanir vegna samfélagslega hættulegs sjúkdóms.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð, að fengnum tillögum farsóttanefndar, þar sem kveðið er á um opinberar sóttvarnaráðstafanir þegar um er að ræða samfélagslega hættulegan sjúkdóm, svo sem ónæmisáðgerðir, skimanir, afkvíun afmarkaðra svæða, sveitarfélaga, landshluta eða landsins alls, lokun skóla, notkun hlífðarbúnaðar, stöðvun atvinnurekstrar eða samkomubann eða þær ráðstafanir sem nefndar eru í 27. gr.

Reglugerð um sóttvarnaráðstafanir sem sett er samkvæmt ákvæði þessu getur að hámarki gilt í fjórar vikur í senn. Sóttvarnalæknir getur ákveðið að grípa til ráðstafana skv. 1. mgr. til bráðabirgða í að hámarki sjö daga án þess að leita heimildar fyrir fram ef hann telur að hvers konar töf sé hættuleg en hann skal jafnskjótt gera ráðherra og farsóttanefnd ráðstafanir sínar kunnar. Opinberum sóttvarnaráðstöfunum skal aflétta svo fljótt sem verða má.

D. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á að smitsjúkdómur berist til eða frá landinu.

29. gr.

Opinberar sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna alvarlegs sjúkdóms.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis, þar sem kveðið er á um að gripið skuli til sóttvarnaráðstafana vegna hættu á að alvarlegur sjúkdómur berist til eða frá landinu. Reglugerð um ráðstafanir samkvæmt ákvæði þessu getur að hámarki gilt í átta vikur í senn.

Í reglugerðinni er ráðherra heimilt að kveða á um að við komu eða brottför og af ástæðum er varða lýðheilsu megi krefjast þess að ferðamenn:

1. Upplýsi um áfangastaði og gefi samskiptaupplýsingar svo að unnt sé að ná sambandi við þá og fylli út spurningalista um heilsu sína.
2. Upplýsi um ferðaslóð sína fyrir komu og framvísi heilbrigðisskjölum.
3. Tilkynni sig til íslenskra stjórnvalda ef þeir hafa verið vaktadir vegna lýðheilsu í öðru ríki.
4. Undirgangist heilbrigðisskoðun sem er eins lítið ífarandi og unnt er til að ná settu lýðheilsu- og heilsumarkmiði. Ekki skal beitt inngrípum nema gagnvart þeim sem grunur leikur á að gætu hafa smitast.

30. gr.

Opinberar sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna samfélagslega hættulegs sjúkdóms.

Eftir tillögu farsóttanefndar er ráðherra heimilt að setja reglugerð þar sem kveðið er á um tilteknar ráðstafanir, til viðbótar við þær sem kveðið er á um í 29. gr., ef vísbendingar eru um að lýðheilsa sé í yfirvofandi hættu vegna samfélagslega hættulegs sjúkdóms. Heimilt er að kveða þar á um að ferðamenn skuli undirgangast tilteknar ráðstafanir, aðrar en ónæmisáðgerðir, sem koma í veg fyrir sjúkdóma eða varna útbreiðslu þeirra, þ.m.t. einangrun, sóttkví, vöktun og skimun, svo sem með stroki úr nef- eða munnholi eða annars konar heilbrigðisskoðun sem ekki krefst mikils inngríps. Reglugerð um ráðstafanir samkvæmt ákvæði þessu getur að hámarki gilt í átta vikur í senn.

Þrátt fyrir ákvæði 29.–36. gr. er ráðherra heimilt að setja reglugerð, til að bregðast við tiltekinni hættu eða bráðri ógn við lýðheilsu, um að beita skuli fleiri en einni ráðstöfun samtímis sem kveðið er á um þar, óháð því hvort grunur leikur á að ferðamaður hafi smitast. Í þeim

tilvikum skal gætt að tilkynningarskyldu íslenskra stjórnvalda til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar skv. 43. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.

31. gr.

Upplýst samþykki.

Ekki skal framkvæma heilbrigðisskoðun eða grípa til annarrar heilbrigðisráðstöfunar skv. 29.–36. gr. án þess að fá fyrst skýlaust og upplýst samþykki viðkomandi ferðamanns fyrir því, eða foreldra hans eða forráðamanna, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 32. gr.

32. gr.

Þvingunaraðgerðir og frávísun úr landi.

Ef ferðamaður sem grunur leikur á að hafi smitast neitar ráðstöfun eða neitar að láta í té þær upplýsingar eða þau skjöl sem um getur í 29.–36. gr. er unnt að fyrirskipa viðkomandi, eftir atvikum með aðstoð lögreglu, að hlýða skilyrðislaust þeim fyrirmælum sem kveðið er á um þar. Það skal þó einungis gert ef vísbendingar eru um að lýðheilsa sé í hættu og þvingun sé nauðsynleg til að verjast þeirri hættu.

Lögreglustjóra er heimilt að vísa útlendingi, sem ekki er búsettur hér á landi, frá landi í samræmi við k-lið 1. mgr. 106. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, ef hann neitar að verða við fyrirmælum um ráðstafanir sem ráðherra hefur heimilað skv. 29. eða 30. gr. eða í ljós kemur að hann hefur ekki fylgt þeim. Ákvörðun um frávísun er kæránleg til kærunefndar útlendingamála en kæra frestar ekki framkvæmd ákvörðunar. Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt lögum um útlendinga.

33. gr.

Vottorð.

Hafi ferðamaður undir höndum viðurkennt vottorð um ónæmisáðgerð er ekki hægt að synja honum um komu inn í landið eða beita öðrum ráðstöfunum á grundvelli 29. og 30. gr. með skírskotun til sjúkdómsins sem vottorðið varðar, jafnvel þótt hann komi frá smitsvæði, nema sannanlegar ábendingar og/eða vísbendingar séu um að ónæmisáðgerðin hafi ekki borið árangur eða að vottorðið sé falsað.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um vottorð um ónæmisáðgerðir, svo sem um form og efni vottorða, og um önnur vottorð tengd smitsjúkdómum, svo sem vottorð sem sýna fram á afstaðna sýkingu eða að ferðamaður sé ekki smitandi.

34. gr.

Vöktun ferðamanna vegna lýðheilsu.

Ferðamanni, sem kann að hafa smitast og er við komu vaktaður vegna lýðheilsu eða látinn sæta öðrum ráðstöfunum samkvæmt þessu ákvæði, er heimilt að halda áfram ferð sinni milli landa ef það er ekki talið ógn við lýðheilsu. Stjórnvöld skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi á landamærastöð ákvörðunarstaðar, ef hann er þekktur, um væntanlega komu ferðamannsins.

Ferðamönnum sem koma til landsins ber að öðru leyti að fylgja þeim reglum sem settar hafa verið á grundvelli ákvæða í þessum kafla.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem kveðið er á um nánara fyrirkomulag ráðstafana samkvæmt þessu ákvæði og innleiða að öðru leyti alþjóðaheilbrigðisreglugerð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

35. gr.

Skyldur flugrekenda eða umráðenda loftfars og útgerða eða umráðenda skips.

Ef hættu er á að samfélagslega hættulegur sjúkdómur berist til eða frá landinu er ráðherra heimilt í reglugerð, að undangenginni tillögu farsóttanefndar, að kveða á um tímabundnar skyldur flugrekenda eða umráðenda loftfars og útgerða eða umráðenda skips til að tryggja sóttvarnir. Með slíkum skyldum er m.a. átt við skyldu til að kanna vottorð og önnur heilbrigðisskjöl hjá farþegum og með farangri eða öðrum böggjum og hvort farþegi hafi fullnægt skráningu samkvæmt reglugerð sem heimilt er að setja á grundvelli laga þessara. Enn fremur er átt við skyldu flugrekenda eða umráðenda loftfars og útgerða eða umráðenda skips til að tilkynna löggæsluyfirvöldum hér á landi, innan tilgreinds tíma, um nafn farþega, vegabréfsnúmer og flugnúmer eða sambærilega tilgreiningu skipsferðar, enda hafi farþegi ekki framvísað tilskildu vottorði eða staðfestingu eða að öðru leyti ekki uppfyllt skilyrði reglna sem settar eru á grundvelli ákvæðisins.

Ákvæði þetta gildir jafnframt um skyldur flugrekenda eða umráðenda loftfars og útgerða eða umráðenda skips gagnvart skoðun á farangri eftir því sem við á.

Flugrekenda eða umráðanda loftfars og útgerð eða umráðanda skips er skylt að upplýsa farþega um afleiðingar þess ef farþegi hefur ekki uppfyllt skilyrði reglugerðar sem heimilt er að setja á grundvelli ákvæðisins.

Reglugerð skv. 1. mgr. skal sæta endurskoðun eigi sjaldnar en á átta vikna fresti.

Samgöngustofa getur lagt stjórnvaldssekt á einstakling eða lögaðila fyrir brot gegn 1. mgr. og reglugerð sem sett er á grundvelli 1. mgr., sbr. heimildir Samgöngustofu til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum um loftferðir. Ákvörðun um stjórnvaldssekt skal tilkynnt á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Gera má lögaðila sekt fyrir brot gegn 1. mgr. og reglugerð settri á grundvelli 1. mgr. óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekið fyrirvarsfolk lögaðilans, starfsfolk hans eða annan aðila sem starfar á vegum hans.

Gjaldldagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir dagsetningu ákvörðunar. Greiða skal dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar sé hún ógreidd 15 dögum eftir gjaldldaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Ákvörðun um stjórnvaldssekt skv. 5. mgr. má skjóta til ráðherra samkvæmt stjórnsýslulögum. Ber Samgöngustofu að leiðbeina aðila um rétt til kæru. Ákvarðanir Samgöngustofu um að leggja á stjórnvaldssekt eru aðfararhæfar að liðnum kærufresti. Málskot til ráðherra frestar aðför en úrskurðir ráðherra eru aðfararhæfir. Málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar ekki aðför og er ekki háð því að mál hafi áður verið kært til ráðherra.

Heimild Samgöngustofu til að leggja á stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæði þessu fellur brott þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Frestur rofnar þegar Samgöngustofa tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að brotinu.

Ítrekuð eða stórfelld brot gegn 1. mgr. og reglugerð sem sett er á grundvelli 1. mgr. varða refsingu skv. 41. gr. Gera má lögaðila sekt samkvæmt ákvæðum II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, fyrir slík brot. Brot samkvæmt ákvæði þessu sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Samgöngustofu.

36. gr.

Sóttvarnaráðstafanir gagnvart farartækjum, farangri, vörum og þess háttar vegna hættu á landamærunum.

Sóttvarnalækni er heimilt að skipuleggja skoðun farangurs, farms, gáma, farartækja, vara, pósthöggla og líkamsleifa á landamærestöð, enda sé um að ræða rökstuddan grun um smit

eða aðra áhættu á útbreiðslu smitsjúkdóma. Enn fremur er sóttvarnalækni heimilt, ef tilefni er til, að skipuleggja sóttthreinsun, einangrun eða sóttkví farangurs, farms, gáma, farartækja, vara, pósthöggla og líkamsleifa á landamærastöð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis, þ.m.t. frekari innleiðingu á reglum alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.

V. KAFLI Ýmis ákvæði.

37. gr.

Göngudeildir smitsjúkdóma.

Starfrækja skal göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma sem veita meðferð og rekja smit. Ráðherra skal í samráði við sóttvarnalækni ákveða hvar slíkar göngudeildir skuli starfræktar.

Á heilbrigðisstofnunum, sem ráðherra ákveður, skal vera aðstaða til einangrunar þeirra sem eru til rannsóknar eða meðferðar vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóm.

38. gr.

Öryggisbirgðahald.

Sóttvarnalæknir skal hafa umsjón með afhendingu, dreifingu og notkun öryggisbirgða lyfja og lækningatækja og annars nauðsynlegs búnaðar í landinu til að bregðast við heilbrigðisógnum, sbr. 2. gr. Sóttvarnalækni er heimilt að fela öðrum, svo sem heilbrigðisstofnun, verkefni sem falla undir ákvæði þetta, t.d. innkaup og birgðahald.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem kveðið er á um nánari framkvæmd ákvæðis þessa um öryggisbirgðir, svo sem um lyf, lækningatæki og annan búnað sem skylt er að tryggja birgðir af.

39. gr.

Gjaldtaka og kostnaður vegna framkvæmdar laga þessara.

Kostnaður sem hlýst af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Um gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu fer skv. 29. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008. Heimilt er með reglugerð að kveða á um sérstaka gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu sem tengist sóttvarnaráðstöfunum eða að slík þjónusta verði gjaldfrjáls, svo sem þegar einstaklingar leita til göngudeilda smitsjúkdóma vegna greiningar og meðferðar tilkynningarskyldra smitsjúkdóma eða eru boðaðir í rannsókn til að leita að smiti og þegar fólki er gert að sæta heilbrigðisskoðun.

Heilbrigðisskoðun sem gerð er vegna umsóknar um dvalar- og atvinnuleyfi og er í samræmi við verklagsreglur sóttvarnalæknis skal greiddast að fullu af vinnuveitanda eða þeim sem sækir um dvalar- eða atvinnuleyfi. Leiði heilbrigðisskoðun í ljós þörf fyrir frekari sértækar rannsóknir greiðir viðkomandi eða sjúkratrygging hans kostnað við þau heilsufarslegu vandamál sem greinast fyrstu sex mánuðina sem dvalið er í landinu. Vinnuveitandi greiðir læknisrannsókn sem hann óskar sérstaklega eftir.

Ef frá eru talin þau tilvik sem falla undir 2. mgr. skal ekki tekið gjald fyrir heilbrigðisráðstafanir á grundvelli 29.–36. gr. nema þær séu til hagsbóta fyrir ferðamenn. Ef sóttvarnalæknir hefur metið svo að yfirvofandi eða bráð ógn sé við lýðheilsu er honum, eða þeim sem hann hefur falið slíka framkvæmd, heimilt að taka gjald fyrir heilbrigðisráðstafanir á grundvelli 29.–36. gr. þrátt fyrir að þær séu ekki til hagsbóta fyrir ferðamenn. Þegar tekið er gjald sam-

kvæmt ákvæði þessu skal ráðherra birta gjaldskrá í reglugerð eða sérstaklega í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá og breytingar á henni skulu birtar með a.m.k. tíu daga fyrirvara. Fjárhæð gjalds skal ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggjast á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

40. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur í reglugerðir nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um:

1. Hvaða smitsjúkdómar eða sjúkdómar af völdum eiturefna og geislavirkra efna falla undir lögin, sbr. 1. mgr. 4. gr.
2. Hvaða sjúkdóma og atburði skylt er að tilkynna til sóttvarnalæknis og efni tilkynningar, sbr. 1. mgr. 4. gr.
3. Hvaða sjúkdómar teljast alvarlegir, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerðir nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um:

1. Hvaða smitsjúkdómar teljast samfélagslega hættulegir sjúkdómar, sbr. 3. mgr. 4. gr.
2. Störf farsóttanefndar, sbr. 3. mgr. 8. gr.
3. Tímabundnar takmarkanir á heimsóknum eða tímabundið bann við heimsóknum á heilbrigðisstofnun, sbr. 14. gr.
4. Rannsóknastofur sem greina smitsjúkdóma, m.a. tilvísunarrannsóknastofur, sbr. 15. gr.
5. Nánari útfærslu á þeim reglum sem gilda um þá sem sæta einangrun og sóttkví og miðlun persónuupplýsinga um þá til viðbragðsaðila og annarra sem starfa sinna vegna þurfa aðgang að upplýsingunum, sbr. 20. gr.
6. Opinberar sóttvarnaráðstafanir skv. 27.–30. gr.
7. Vottorð ferðamanna, sbr. 33. gr.
8. Frekari útfærslu á reglum alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar, sbr. 34. og 36. gr.
9. Skyldur flugrekenda eða umráðenda loftfars og útgerða eða umráðenda skips, sbr. 35. gr.
10. Öryggisbirgðahald sem sóttvarnalæknir hefur umsjón með, sbr. 38. gr.
11. Greiðsluþátttöku sjúklinga, sbr. 39. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og samræmingu ónæmisáðgerða, m.a. um ráðgefandi nefnd um bólusetningar.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um sérstakar ráðstafanir vegna sóttvarna við náttúruhamfarir og aðra vá í samræmi við lög þessi.

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð reglur Evrópusambandsins um sóttvarnir og önnur atriði sem lög þessi taka til með aðlögun vegna EES-samningsins og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Ráðherra er heimilt að vísa til erlendrar frumútgáfu reglugerðar við innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins sem teknar eru upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með einfaldaðri málsmeðferð. Skal erlenda frumútgáfan birt í C-deild Stjórnartíðinda.

41. gr.

Viðurlög.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra:

1. 12. gr. um skyldu til að gæta varúðar vegna smitsjúkdóma og að fylgja fyrirmælum læknis, m.a. um aðgerðir skv. 21. gr.
2. 13. gr. um skyldur heilbrigðisstarfsmanna.
3. 27. og 28. gr. um sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á smitsjúkdómum innan lands.
4. 29., 30. og 32. gr. um sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á að smitsjúkdómar berist til eða frá landinu.
5. 1. mgr. 35. gr. ef um ítrekuð og stórfelld brot er að ræða.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirsvarsmann lögaðilans, starfsmann hans eða annan aðila sem starfar á hans vegum. Hafi fyrirsvarsmáður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum brotið gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru á grundvelli þeirra af ásetningi í starfi lögaðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögaðilanum sekt.

VI. KAFLI Gildistaka o.fl.

42. gr. *Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2026.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. öðlast 5., 8. og 9. gr. og ákvæði til bráðabirgða þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög úr gildi:

1. Sóttvarnalög, nr. 19/1997.
 2. Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af, nr. 8/1920.
- Reglugerðir settar samkvæmt sóttvarnalögum, nr. 19/1997, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær fá samrýmst lögum þessum.

43. gr. *Breyting á öðrum lögum.*

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007*: K-liður 1. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.
2. *Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996*: Við 1. mgr. 22. gr. laganna bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: Sóttvarnalæknir.
3. *Lög um eftirlit með fôðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994*: Tilvísunin „nr. 19/1997“ í 7. gr. h laganna fellur brott.
4. *Lög um matvæli, nr. 93/1995*: Í stað tilvísunarinnar „4. og 5. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 11. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997“ í 3. másl. 2. mgr. 30. gr. c laganna kemur: sóttvarnalög.
5. *Lög um náttúruvernd, nr. 60/2013*: Tilvísunin „nr. 19/1997“ í 1. mgr. 66. gr. laganna fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í þeim tilgangi að undirbúa gildistöku laga þessara, svo sem tilfærslu verkefna og ný verk efni, skal skipa sóttvarnalækni og farsóttanefnd fyrir 1. september 2026. Í starf sóttvarnalæknis skal, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga þessara og 1. mgr. 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, skipa þann sem gegnir því starfi hjá embætti landlæknis, óski hann eftir því.

Öllum starfsmönnum sóttvarnasviðs embættis landlæknis sem eru í starfi við gildistöku laga þessara skal boðið starf á sviði sóttvarnalæknis, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 7. gr. laga um

Nr. 40

4. maí 2026

réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og fer um rétt starfsmanna til starfa á sviði sóttvarnalæknis eftir ákvæðum sömu laga.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 2026.

Kristrún Frostadóttir.

Bryndís Haraldsdóttir.
(L. S.)

Sigurður Tómas Magnússon.

Alma D. Möller.

A-deild – Útgáfudagur: 11. maí 2026